

Ed.

206. Breytingartillögur

við frv. til l. um skipulag og hýsingu prestssetra.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsg., er orðist svo:
Kostnað við byggingu prestsbústaða í kaupstöðum greiði ríkissjóður þó aðeins að % hlutum.
2. Við 5. gr.
 - a. Fyrri málsliður orðist svo:
Ríkissjóður lætur byggja prestsseturshús samkv. fyrirmælum þessara laga, svo fljótt sem verða má og eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum.
 - b. Aftan við greinina bætist ný málsg., er orðist svo:
Bygging prestsseturshúsa á jörðum ríkisins skal jafnan ganga fyrir byggingu annarra prestsbústaða.
 - c. Á eftir 5. gr. kemur ný grein, er orðist svo (og breytist greinatalan eftir því):
Andvirði seldra þjóðjarða og kirkjujarða skal varið til endurbóta á prestsseturshúsum í þeirri sókn, sem jarðirnar eru í.
3. Við 16. gr.
 - a. Í stað orðanna „reistu samkvæmt lögum þessum“ í 1. málsg. komi: reistu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. þessara laga.
 - b. Aftan við greinina komi ný málsg., er orðist svo:
Árgjald prests af prestsbústað í kaupstöðum, sem ríkið styrkir samkvæmt 2. mgr. 4. gr. þessara laga, skal vera % af því gjaldi, sem greitt er samkvæmt þessari grein af húsi á sambærilegum stað.
4. Við 30. gr. Greinina skal orða svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.